

AUGLÝSING

um staðfestingu á áður staðfestu aðalskipulagi fyrir Reykjavíkurborg.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júní 1976 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar eftirfarandi:

Í stað útivistarsvæðis, skuli gert ráð fyrir opinberri byggingu á lóðinni Langa-hlíð nr. 3.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

SAMBÝKKT

um hundahald í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Raufarhafnarhreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skytt er hund eiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Bannað er að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Hund eiganda ber að hlýta að öðru leyti reglum um hundahald (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 48.64 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 6 314 á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og kr. 119 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kilóvoltamperstundir í stað kilóvattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 10.57 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 1 087 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 11 514 hvert ár kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 4.15 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 57 570 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kWA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 8.06 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 10.81 hverja kWst.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.61 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.